

# Skýrsla framkvæmdastjóra ÆSKÞ

## Reykjavík Pride

Þetta árið var ákveðið að fylgja eigin ráðleggingum frá landsmóti á Selfossi frá árinu áður og nota það sem til var. Áhersla var lögð á að ást er ást og það er óþarfi að gera einfalda hluti flókna. Því var sami kross notaður og árið áður. Krossin var festur aftan á pallbíl og skreittur með regnbogalitinum.

Yfirskriftin var: Þér eruð ljós heimsins. Borg, sem á fjalli stendur, fær ekki dulist. (Matt.5:14), Orð sem minna á að reisin okkar og ljós sem verður ekki frá okkur tekið. Við getum öll skinið saman. Hjalti Jón Sverrisson Æskulýðsfultrúi og nú prestur í Laugarneskirkju leiddi verkefnið af mikilli snilld líkt og fyrri ár. Það var sérlega ánægulegt að sjá hversu margir prestar sáu sér fært að mæta.

## Play, Learn and Life

Í sumar hélt ÆSKÞ alþjóðlegt leiðtoganámskeið um leiki og notkun þeirra gegn félagslegri einangrun. Námskeiðið var styrkt af Erasmus+ og haldið í samstarfi við IKE í Rúmeníu og Boys' Brigade í Bretlandi. Kennarar á námskeiðinu voru Pétur Björgvin Ofurdjákni sem fjallaði um uppbyggingu æskulýðsstarfs þ.e. hvernig maður byggir upp hóp, hvaða leikir eru viðeigandi og hvenær hvað þarf að varast og fleira. Ólafur Stefánsson sem fjallaði á heimspekilegan hátt um sögur og leikgleði. Skátar á svæðinu gáfu þátttakendum tækifæri til að spreyta sig á klifurveggnum og í bogfimi og fulltrúar frá Nexus komu og kenndu þáttakendum nokkur góð borðspil. Við vildum nálgast leiki frá sem flestum sjónarhornum og fengum því kennara sem allir nálguðust viðfangsefnið á mjög fjölbreyttan hátt. Námskeiðið sóttu 14 þátttakendur 2 rúmenar og 1 dani og fór námskeiðið fram á ensku

## Janúar-námskeið

Haldið var leiðtoganámskeið í Janúar 2018 í Skálholti. Leiðbeinandi á vegum Dale Carnegie fjallaði um framkomu og sjálfsstyrkingu, sr. Eva Björk Valdimarsdóttir kenndi hugleiðingagerð og Jónína Sif Eypórsdóttir talaði um hvernig á að byggja upp æskulýðsstarf. Námskeiðið sóttu 14 leiðtogar frá öllu landinu og þótti heppnast vel.

## Haustnámskeið

Haustnámskeið leiðtoga var haldið í Hjallakirkju í samstarfi við ÆSKR. Þorbjörg Sveinsdóttir sálfræðingur í Barnahúsi kenndi námskeiðið **Verndum þau**.

Verndum þau er námskeið sem fjallar um rétt viðbrögð þegar grunur liggur á að verið sé að beyta barn ofbeldi og brýnt er á ábyrgð okkar sem æskulýðsstarfsfólks.

## Farskóli Leiðtogaefna

Magnea Sverrisdóttir og Daníel Ágúst Gautason stýra farskólanum í ár.

Kennslan fór fram á 5 laugardögum yfir veturinn auk starfsþjálfunar á TTT móti ÆSKR í Vatnaskógi. 15 nemendur útskrifuðst við hátíðlega athöfn í Grensáskirkju 11. April 2018

## Landsmót

Landsmót var haldið á Egilsstöðum að þessu sinni helgina 26.-28. okt 2018

Þemað var leikir og félagsleg einangrun og félagsleg tengsl almennt.

Sigríður Rún Tryggvadóttir sá um fræðsluna þar sem unglíngarnir komu með mynd af sjálfum sér og skrifuðu nokkrar staðhæfingar um sjálfa sig og tengdu svo hvert við annað og sáu þá hvað þau áttu margt sameiginlegt og tengdu svo auðvitað öll við mynd af Jesú sem var sett í miðjuna.

Heildar fjöldi á Landsmóti 2018 var 295 manns 19 hópar. Leiðtogar voru 47 og Þátttakendur voru 225 ásamt 12 sjálfboðaliðum og 11 manna mótsnefnd

Við fögnum því að Húsavík og Þórshöfn lögðu land undir fót og ákváðu að vera með á Landsmóti í fyrsta skipti í mörg ár og við þökkum þeim kærlega fyrir þátttökuna eins og öllum þeim sem sáu sér fært að taka þátt.

Allur ágóði sjoppunnar á staðnum rann óskiptur til Hjálparstarfs kirkjunnar í sérstakann tómstundar-sjóð sem hjálpar bágstöddum börnum að taka þátt í tómstundum.

## Kirkjuþing unga fólksins

Kirkjuþing ungarfólksins (KUF) var haldið á Biskupsstofu 26. Maí 2018

Ása Laufey Sæmundsdóttir og Kristján Ágúst Kjartansson voru verkefnastjórar

Kirkjuþingið ungarfólksins hefur verið pappírslaust síðan 2015 og hvetur hið almenna kirkjuþing til að gera slíkt hið sama. Tillögur voru samþykktar um breytingar er varða þingsköp, skipan og fjölda fulltrúa milli prófastsdæma og lengingu á kirkjuþingi unga fólksins í tveggja daga þing yfir helgi. 8 mál voru afgreidd og send til umfjöllunar hjá kirkjuráði.

Sigurður Óskar Óskarsson  
Framkvæmdastjóri ÆSKP